

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2009/EES/71/34

frá 8. maí 2008

samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Jersey (*)

(tilkynnt með númeri C (2008) 1746)

(2008/393/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta gagnavernd með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða, einkum með tilliti til nokkurra þátta sem skipta máli varðandi flutninginn og skráðir eru í 2. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,

- 4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og allar ákvarðanir, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu teknar og þeim framfylgt á þann hátt að það hafi hvorki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga Bandalagsins á alþjóðavettvangi.

að höfðu samráði við starfshópin um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. ⁽²⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi vernd og að farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.
- 2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án þess að frekari tryggingar sé krafist.

- 5) Fógetaumdæmið Jersey er eitt af yfirráðasvæðum Bresku krúnunnar (en hvorki hluti Breska konungsríkisins né nýlenda) sem er að fullu sjálfstætt, nema að því er varðar alþjóðasamskipti og varnir sem eru á ábyrgð ríkisstjórnar Breska konungsríkisins. Fógetaumdæmið Jersey skal því teljast þriðja land í skilningi tilskipunar 95/46/EB.

- 6) Frá og með 1951 og 1987 var fullgilding Breska konungsríkisins á samþykkt Evrópusáttmálans um vernd einstaklinga og samþykkt Evrópuráðsins um vernd einstaklinga að því er varðar sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga (samþykkt nr. 108) víkkuð út þannig að hún nái einnig til fógetaumdæmisins Jersey.

- 7) Að því er varðar fógetaumdæmið Jersey hefur verið kveðið á um lagareglur um vernd persónuupplýsinga, sem byggjast að miklu leyti á reglum sem settar voru í tilskipun 95/46/EB í gagnaverndarlögum frá 1987 (fyrir fógetaumdæmið Jersey), sem tóku gildi 11. nóvember 1987 og tvennum viðbótarlögum, gagnaverndarlögum (breyting) (Jersey) frá 2005 og gagnaverndarlögum (Jersey) frá 2005 (gildisdagur).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 138, 28.5.2008, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, p. 13.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjútíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Álit 8/2007 um vernd persónuupplýsinga í Jersey frá 9. október 2007 má nálgast á vefsetrinu http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2007_en.htm,

- 8) Afleidd löggjöf hefur einnig verið samþykkt í umboði gagnaverndarlaga (Jersey) frá 2005, þar sem mælt er fyrir um sérstakar reglur sem varða málefni á borð við aðgang að skráðum aðilum, vinnslu viðkvæmra gagna og tilkynningar til gagnaverndaryfirvalda ⁽¹⁾.
- 9) Lagareglurnar sem gilda í Jersey ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að einstaklingar njóti viðunandi verndar. Með lagaúræðum er tryggt að þessum reglum sé beitt og einnig með óháðu eftirliti sem yfirvöldin annast, t.d. hefur eftirlitsmaður með gagnavernd vald til rannsókna og íhlutunar.
- 10) Jersey skal því teljast veita fullnægjandi vernd persónuupplýsinga eins og um getur í tilskipun 95/46/EB.
- 11) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina undantekningartilvik þar sem réttlætjanlegt er að stöðva tímabundið tiltekið gagnafloði þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.
- SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:
- 1. gr.*
- persónuupplýsinga sem eru sendar frá Bandalaginu.
- 2. gr.*
- Þessi ákvörðun varðar það hvort veitt sé nægileg vernd á Jersey með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga á aðildarríkjunum.
- 3. gr.*
1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda á Jersey í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í eftirfarandi tilvikum:
- a) þar sem lögbær yfirvöld á Jersey hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd; eða
- b) þar sem verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða sé til að ætla að lögbært yfirvald á Jersey geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um er að ræða, áframhaldandi gagnaflutningur mundi stofna hinum skráðu í hættu á að skadast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til að veita þeim aðila viðvörun sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu á Jersey og veitt honum tækifæri til andsvara.
2. Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem hlut eiga að máli hafa verið látin vita af því.
- 4. gr.*

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB telst fólgetaumdæmið Jersey tryggja fullnægjandi vernd

⁽¹⁾ Þetta eru Data Protection (Corporate Finance Exemption) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Credit Reference Agency) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Fair Processing) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (International Cooperation) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Notification) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Sensitive Personal Data) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Subject Access Exemptions) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Subject Access Miscellaneous) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Subject Access Modification — (Education) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Subject Access Modification — (Health) (Jersey) Regulations 2005, Data Protection (Subject Access Modification — (Social Work) (Jersey) Regulations 2005 og Data Protection (Transfer in Substantial Public Interest) (Jersey) Regulations 2005.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 3. gr.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd í Jersey, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 3. gr. og skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd á Jersey, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Jersey um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar og greina nefndinni, sem var komið á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd á Jersey sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunun í för með sér.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari innan fjögurra mánaða frá því að tilkynnt var um hana.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. maí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.